

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stykkishólmsbær Ögur



<b>Dags eftirlits</b>	16.12.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Hrönn G. Guðmundsdóttir	
<b>Fyrirtæki</b>	Stykkishólmsbær	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hafnargötu 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6202697009	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þór Örn Jónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	370295,874	514886,814

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru staðfest við eftirlit. Staðfest var við eftirlit að leyst hefur verið úr frávikum sem komu fram við fyrirvaralaust eftirlit árið 2014, þ.e. búið er að koma upp sýnatökubrunnum við urðunarstaðinn að Ögri skv. ákvæðum 3.2 og 3.3 í starfsleyfi og umhleðsla á endurvinnanlegum úrgangi fer ekki lengur fram á urðunarstaðnum. Ein athugasemd var gerð vegna þess að ekki hafa verið tekin sýni úr sýnatökubrunnum sem komið var upp vorið 2015. Rekstraraðili vonast til að úr því verði bætt vorið 2016 en sýnatökubrunnar ellegar færðir.

Rekstur urðunarstaðarins að Ögri er almennt í góðu horfi og samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Vel er staðið að sorphirðu og endurvinnslu í sveitarfélaginu. Snyrtilegt var við urðunarstaðinn og umgengni góð.

## UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Reksturinn almennt og umfang starfseminnar.
2. Magn og tegundir úrgangs, skráning úrgangs.
3. Yfirferð á eftirlitsskýrslu frá 2014 og úrlausn frávika.
4. Áætlanir og tryggingar.
5. Skoðunarferð um urðunarstaðinn að Ögri.
6. Önnur mál.

Eftirlit hófst á fundi með fulltrúa starfsleyfishafa á bæjarskrifstofunni í Stykkishólmi. Farið var yfir almennan rekstur urðunarstaðarins og umfang starfseminnar sbr. ákvæði 1.2. Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila á árinu og ekki orðið slys eða óhöpp. Eftirlitsmaður og fulltrúi sveitarfélagsins fóru lauslega yfir skráningu úrgangs á fundinum, en eftir eftirlitið kom í ljós ákveðinn misskilningur varðandi upplýsingarnar sem sveitarfélagið hafði afhent Umhverfisstofnun (sjá nánar í Öðrum atriðum hér að neðan). Við eftirgrennslan hjá Íslenska gámafélaginu fékk eftirlitsmaður staðfest að urðaður var garðaúrgangur, múrbrot, gler og postulín að Ögri, og hreint timbur geymt þar og kurlað sem íblöndunarefni við jarðgerð.

Farið var yfir eftirlitsskýrslu frá 2014 þar sem fram komu tvö frávik, annars vegar vegna mælinga á vatni frá urðunarstað (ákv. 3.2 og 3.3) og hins vegar vegna starfsemi, þ.e. umhleðslu, sem fram fór á urðunarstaðnum en var ekki heimil skv. starfsleyfi. Staðfest var á fundinum og í skoðunarferð að búið er að setja upp sýnatökubrunna og að umhleðsla fer ekki lengur fram á urðunarstaðnum. Sýnatökustaðir eru þrjár: Einn í mýri sunnan við urðunarstaðinn og tveir í sjávarbakkannum norðan hans. Stefán Gíslason hjá Environice sá um uppsetningu þeirra vorið 2015. Ekki hafa fengist mælingar úr brunnunum þar sem ekkert vatn safnast í sýnatökubrunnana norðan urðunarstaðarins. Eftirlitsmaður og fulltrúi sveitarfélagsins ræddu um að mögulega þyrfti að færa sýnatökubrunnana vegna þessa, og að sveitarfélagið yrði í sambandi við Stefán Gíslason varðandi það. Umhleðslan fer nú fram á lóð Íslenska gámafélagsins, þar sem fyrirhugað er að byggja yfir hana.

Staðfest fékkst á fundinum að ábyrgðartryggingar vegna bráðamengunar hafa verið uppfærðar og eru í gildi. Eftirlitsmaður fékk sent ljósrít af kvittun þessu til staðfestingar eftir eftirlitsferðina. Farið var stuttlega yfir neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar og áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda. Stefán Gíslason hjá Environice sá um gerð áhættumats og viðbragðsáætlunar.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Litið var við á sorpflokkunarstöð Íslenska gámafélagsins. Síðan var haldið að Ögri. Frágangur urðunarreina var fullnægjandi skv. starfsleyfi og almennt snyrtilegt á að líta á urðunarstaðnum. Yfirborðslag var að stóru leyti blandað timburkurli. Á miðju svæðinu voru þrjár stórir haugar af kurluðu timbri, á að giska 2-3 metra háir og 3-4 metrar í þvermál. Skv. bréfi Umhverfisstofnunar til Stykkishólmsbæjar, dagsettu 3. apríl 2012, hefur sveitarfélagið heimild til að geyma allt að 20 tonnum hverju sinni af hreinum timburúrgangi á urðunarstaðnum, en hann skal allur nýtast til jarðgerðar. Eftirlitsmanni reiknaðist svo til að magn timburkurls væri ekki yfir mörkum skv. bréfi Umhverfisstofnunar.

## **ATHUGASEMDIR**

Athugasemd er gerð við það að ekki hafi fengist sýni úr sýnatökubrunnum sem settir voru upp vorið 2015. Benda má á að í áhættumati vegna viðbragðsáætlunar undirstrikar Stefán Gíslason hjá Environice nauðsyn þess að sýni séu fengin úr brunnum til að öðlast megi gleggri mynd af hugsanlegri hættu sem stafað getur af úrgangi sem urðaður var að Ögri fram til 1999.

Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa sveitarfélagsins sammæltust hann og Stefán Gíslason um að reyna að fá sýni úr sýnatökubrunnum vorið 2016 en færa þá annars ef séð þykir að ekkert vatn komi í þá. Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við þetta atriði að sinni.

## **ANNAÐ**

Á fundi með fulltrúa sveitarfélagsins fékk eftirlitsmaður afhent yfirlit yfir meðhöndlun úrgangs frá Stykkishólmsbæ árið 2014. Yfirlitið nær yfir allan úrgang sem sveitarfélagið sendir frá sér, þ.e. bæði það sem urðað er að Ögri og það sem sent er í Fíflholt. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin biður nú aðeins um tölur yfir magn og gerð úrgangs sem er fargað innan sveitarfélagsins, þ.e. á urðunarstaðnum að Ögri og því ónauðsynlegt að tilgreina það magn sem sent er í Fíflholt. Einnig ætti blandaður byggingar- og niðurrifsúrgangur að falla undir liðinn urðun.

Reykjavík, 22.12.2015

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Hrönn G. Guðmundsdóttir